

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Aðaldælahrepps.



1. gr.

Byggðarmerki Aðaldælahrepps skal vera sem hér segir:

Merkið er blátt og hvítt. Á merkinu er svanur, öldur á Laxá og í bakgrunni er stílfært náttúrufyrirbrigði í Aðaldalshrauni, Knútsstaðaborg.

Svanurinn hefur verið notaður í fána sveitarfélagsins síðan um síðustu aldamót. Svanurinn hefur auk þess verið Aðaldælskum skáldum yrkisefni.

2. gr.

Notkun á byggðarmerki Aðaldælahrepps er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Aðaldælahrepps, sbr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út frá samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í svart-hvítri útgáfu.

3. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu eru allir bláir fletir svartir.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Aðaldælahrepps hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

10. febrúar 1995

Nr. 94

AUGLÝSING

um umferð á Eyrarbakka.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Eyrarbyggðahrepps hefur verið ákveðið að bannað verði að leggja eða stöðva ökutækjum framan við íbúðarhúsið að Eyrargötu 10A á Eyrarbakka.

Selfossi, 10. febrúar 1995.

Sýslumaðurinn á Selfossi,

Karl Gauti Hjaltason ftr.